



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**129. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 13. september 2024
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Helga Jóhannesdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ásgeir Sveinsson, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kjartan Magnússon, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Ólafur Svavarsson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Svana Helen Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hákon Jónsson, Sævar Birgisson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Formaður Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Kynning - Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Þorsteinn Rúnar Hermannsson frá Betri samgöngum kynnir uppfærðan samgöngusáttmála.

Gestir

Þorsteinn Rúnar Hermannsson, Betri samgöngur -
Umræður

2. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 Coda Terminal Carbfix - 2402001

Ofangreint var til umræðu á 127. fundi nefndarinnar dags. 3. maí 2024 og var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við tillöguna en bent á að framkvæmdar- og eftirlitsaðilar meti og vakti heildræn áhrif framkvæmdanna á höfuðborgarsvæðið m.t.t. vatnsverndar og jarðhræringa sbr. niðurstöður umhverfismats.

Lilja Grétarsdóttir skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar kynnir.

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Hafnarfjarðar dags. 18. júlí 2024 um tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna ofangreinds. Þá eru fyrirliggjandi til samþykktar umsagnardrög dags. 9. september 2024 sem voru unnin fyrir svæðisskipulagsnefnd en frestur til að skila umsögn hefur verið framlengdur til 10. október. Þá er einnig fyrirliggjandi bréf frá ALTA ráðgjöfum ódagsett.

Gestir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lilja Grétarsdóttir, skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar -

Fyrirliggjandi umsagnardrög eru samþykkt og skrifstofu SSH er falið að senda þau.

Baldur Ólafur Svavarsson, Björg Fenger, Helga Jónsdóttir, Hjördís Ýr Johnson og Karen María Jónsdóttir leggja fram eftirfarandi bókun:

"Í samantekt á niðurstöðum umhverfismats kemur fram að áhrif breytinganna á grunnvatn séu metin óviss. Undirrituð vilja benda á mikilvægi þess að þeim mótvægisáðgerðum sem lýst er í matsskýrslunni sé framfylgt og að áhrif á grunnvatn verði vöktuð."

3. Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2025 - 2003003

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2025.

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri kynnir.

Samþykkt að senda fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar til aðildarsveitarfélaga SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra fyrir árið 2025.

4. Starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2025 - 2003003

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að starfsáætlun til júní 2025.

Samþykkt með þeim fyrirvara að formanni og svæðisskipulagsstjóra er falið að kanna hvort hægt sé að seinka fyrirhugaðri heimsókn til Hafnarfjarðar um eina eða tvær vikur en hún er nú á áætlun 8. nóvember.

5. Gb Arnarland breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - 2202012

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Garðabæjar dags. 7. júní 2024 um ofangreint. Þá er fyrirliggjandi til kynningar umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 5. september 2024 sem var send Garðabæ fyrir fund svæðisskipulagsnefndar í samræmi við samþykktu tillögu frá 112. fundi dags. 9.12.2022 varðandi verklag að ritun umsagna svæðisskipulagsnefndar í sumarhléum nefndarinnar.

Lagt fram til kynningar

6. Hf Hraun vestur breyting Aðalskipulag Hafnarfjarðar - 2005004

Fyrirliggjandi til er umsagnarbeiðni Hafnarfjarðar dags. 10. júní 2024 um ofangreint og til samþykktar er umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 9. september 2024.

Fyrirliggjandi umsögn er samþykkt og skrifstofu SSH falið að senda hana.

7. Kjósarhreppur Aðalskipulag endurskoðað 2024-2036 - 2407003

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Kjósarhrepps dags. 25. júlí 2024 og til samþykktar er umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 8. september 2024.

Fyrirliggjandi umsögn er samþykkt og skrifstofu SSH falið að senda hana.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026